

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
Reykjavík



ÞRÓUNARSAMVINNA
BER ÁVÖXT

Reykjavík 11. nóvember 2022

Efni: Umsögn Frjálsra félagasamtaka í þróunarsamvinnu um frumvarp til fjárlaga 2023, 1. mál á 153. löggjafarþingi 2022–2023.

1. Almennt um fjárlagafrumvarpið og þróunarsamvinnu Íslands

FFP – Frjáls félagasamtök í þróunarsamvinnu (ABC barnahjálpar, Barnaheill, CLF á Íslandi, Hjálparstarf Kirkjunnar, Kristniboðssambandið, Rauði krossinn á Íslandi, SOS Barnaþorp, Sól í Tógó, UNICEF á Íslandi og UN Women á Íslandi) sem mynda fræðsluvettvanginn *Þróunarsamvinna ber ávöxt* ásamt Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, telja mikilvægt að stjórnvöld finni leiðir til að markmið um að öll iðnríki, þar með talið Ísland, veiti 0.7% af vergum þjóðartekjum gangi eftir. Íslensk stjórnvöld hafa um áratuga skeið stutt í orði markmið Sameinuðu þjóðanna en hæst hafa framlög Íslands numið 0,35% af vergum þjóðartekjum og það aðeins í fá skipti.

Með hliðsjón af markmiði Sameinuðu þjóðanna og stuðningi Íslands við það markmið til margra áratuga, skora neðangreind félög á löggjafann að tryggja að Ísland nái markmiði sínu um að 0,7% af vergum þjóðartekjum fari í þróunarsamvinnu. Slík samvinna styður fátæk ríki og/eða stríðshrjáð til sjálfshjálpar og til að byggja upp betri lífsskilyrði svo fólk þurfi síður að flýja heimalönd sín.

Í því skyni þyrfti að tvöfalda framlag Íslands til þróunarsamvinnu fyrir árið 2023 þannig að það næmi rúmum 23 milljörðum. Í heimi þar sem stöðugt fleiri neyðast til að flýja heimili sín vegna vopnaðra átaka, ofsókna, fátæktar og loftslagsbreytinga ber efnameiri þjóðum að leggja sitt af mörkum til að stuðla að auknu öryggi og velferð jarðarbúa.

Neðangreind félög telja tilefni til að fagna auknum fjármunum í þróunarsamvinnu á undanförunum árum en betur má en duga skal. Nái Ísland ofangreindum markmiðum sínum myndi það gefa Íslandi sterkari og trúverðugri rödd á alþjóðavettvangi og tilefni til að hvetja aðrar efnameiri þjóðir til að ná einnig ofangreindu markmiði Sameinuðu þjóðanna.

2. Nánar um fjárlagafrumvarpið og fjárheimildir til þróunarsamvinnu

Úr málefnafrásíðu 35 í þingskjali 1 á bls. 346 í Fjárlagafrumvarpi er fjallað um að helstu breytingar í fjárheimildum frá 2022 séu:

Fjárheimild málaflokksins aukin um 1.417 m.kr. til að viðhalda framlagshlutfalli Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu af vergum þjóðartekjum sem var 0,35% fyrir 2022.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi er aðeins áætlað að viðhalda sama hlutfalli til málaflokksins árið 2023 og var árið 2022. En í lið f) um helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins er talað um að lækka lið innanlandssamstarfs um 124 m.kr. og köllum við eftir frekari útskýringu á þeim lið.

Félögin gera sér að sjálfsögðu grein fyrir stöðu ríkissjóðs og virða tilraunir stjórnvalda til minnka ekki framlög með því að skera niður í þessum málaflokki líkt og í mörgum nágrannaþjóðum á árinu. Það er hins vegar sannfæring okkar, sem vinnum í málaflokki þróunarsamvinnu, að það fé sem ríkissjóður leggur til málaflokksins sé mikilvæg fjárfesting sem muni skila sér margfalt í bættum lífsgæðum viðkvæmustu hópa alþjóðasamfélagsins og markvisst vinna að heimsmarkmiðum SP og stórefla þátttöku Íslands.

3. Lokaorð

Fulltrúar FFP eru reiðbúin að koma á fund fjárlaganefndar og gera frekar grein fyrir þeim sjónarmiðum sem fram koma í umsögninni.

Reykjavík, 11. Nóvember 2022

f.h. Frjálsra félagasamtaka í þróunarsamvinnu

Birna Þórarinsdóttir, UNICEF á Íslandi

Bjarni Gíslason, Hjálparstarfi kirkjunnar

Ellen Calmon, Barnaheill - Save the Children á Íslandi

Kristín Hjálmtýsdóttir, Rauði krossinn á Íslandi

Hjalti Skaale Glúmsson, ABC Barnahjálp

Ragnar Gunnarsson, Kristniboðssambandinu

Ragnar Schram, SOS Barnaþorpum

Stella Samúelsdóttir, UN Women á Íslandi

Valdís Anna Þrastardóttir, Candle Light Foundation

Vala Karen Viðarsdóttir, Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi